

Hafnarstjórn

Stjórnskipuleg staða

Hafnarstjórn Fjallabyggðar heyrir undir bæjarstjórn Fjallabyggðar og starfar í umboði hennar.

Valdsvið

Hafnarstjórn Fjallabyggðar hefur umsjón með rekstri hafnarþjónustu, hafnarmannvirkja og hafnarsvæða í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar. Ákvarðanir hennar eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu bæjarstjórnar. Hafnarstjórn er fjölskipað stjórnvald. Fulltrúar hlutast ekki til um starfsemi sveitarfélagsins í málefnum sem henni eru falin nema á fundum hafnarstjórnar. Þó getur nefndin falið fulltrúa að vinna að undirbúningi máls með starfsmanni, enda felist engar ákvarðanir í þeirri vinnu.

Málaflokkar

Hafnarstjórn hefur umsjón með málefnum sem varða hafnarþjónustu og rekstur hafna, hafnarmannvirkja og hafnarsvæða í sveitarfélaginu.

Stofnanir sem heyra undir hafnarstjórn

Fjallabyggðarhafnir

Verkefni

Hafnarstjórn er bæjarstjórn til ráðgjafar um hafnarmál og gerir tillögur til bæjarstjórnar að markmiðum í hafnarmálum sveitarfélagsins, reglum varðandi hafnir og hafnarsvæði og gjalddöku fyrir hafnarþjónustu. Hún hefur umsjón með daglegum rekstri hafnarþjónustu, hafnarmannvirkja og hafnarsvæða Fjallabyggðar, starfar með hafnarstjóra að hafnarmálum og hefur eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokknum nái fram að ganga. Hafnarstjórn gerir árlega tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna hafnarmála í samráði við hafnarstjóra.

Hafnarstjórn hefur faglega umsjón með rekstri hafna Fjallabyggðar og eftirlit með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, samþykktir sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun á hverjum tíma.

Lagaákvæði og heimildir

Skipun hafnarstjórnar á sér stoð í 8. grein hafnalaga nr. 61/2003. Um verksvið og starfsemi hafnarstjórnar fer eftir V. kafla sömu laga um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Samþykkt bæjarstjórnar Fjallabyggðar

Um störf hafnarstjórnar gilda ákvæði VI. kafla samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009 (gr. 46-57) um störf nefnda á vegum Fjallabyggðar.

Kosning hafnarstjórnar

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa til setu í hafnarstjórn til fjögurra ára og fimm til vara skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjallabyggðar. Bæjarstjórn skal enn fremur kjósa formann hafnarstjórnar úr röðum nefndarmanna. Kosningarnar skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998. Kosningarnar skulu vera leynilegar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Hafnarstjórn skal kjósa varaformann á fyrsta fundi sínum eftir skipun hennar.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í hafnarstjórn ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef fulltrúi, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndarinnar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarfulltrúi krafist þess að hafnarstjórn verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Boðun funda hafnarstjórnar og dagskrá

Fundir skulu boðaðir skriflega með bréfi eða tölvupósti með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram staðsetning og tímasetning fundar, auk dagskrár fundarins í tölusettum liðum. Fundarboði skulu fylgja öll þau gögn sem fulltrúum eru nauðsynleg til að taka upplýsta ákvörðun í málum fundarins.

Formaður hafnarstjórnar, eða varaformaður í forföllum hans, skal boða fundi nefndarinnar í samráði við hafnarstjóra.

Starfshættir hafnarstjórnar

Hafnarstjórn starfar eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnsýslulaga nr. 37/30/1993I hafnalögum nr. 61/2003, samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009 og hafnarreglugerðar fyrir Fjallabyggðarhafnir nr. 512/2009 eftir því sem við á hverju sinni.

Fundir hafnarstjórnar skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Þeir skulu jafnaði haldnir mánaðarlega á fastákveðnum fundartíma sem ákveðin skal á fyrsta fundi hafnarstjórnar í samráði við hafnarstjóra. Heimilt er að halda fundi hafnarstjórnar sem fjarfundi.

Formaður stýrir umræðum og atkvæðagreiðslu á fundum. Auk kjörinna fulltrúa í hafnarstjórn á hafnarstjóri seturétt á fundum hennar með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir skulu haldnir samkvæmt boðaðri dagskrá. Öll frávik frá henni skulu borin undir atkvæði. Engin mál skulu tekin til meðferðar nefndarinnar án undirbúnings.

Hafnarstjórn skal skrá fundargerðir og halda gerðabók. Fundargerð skal skráð með rafrænum hætti skv. ákvörðun bæjarstjórnar sbr. 18. gr. samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 545/2009. Í fundargerð skal ritari skrá þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila mála, meginefni og afgreiðslu. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði skiptust. Í fundargerð skal einnig skráð hverjir taka til máls í umræðum, um hvaða málsliði dagskrár er fjallað og stutta athugasemd um afstöðu fulltrúa til viðkomandi máls óski þeir þess. Fulltrúar skulu að jafnaði afhenda ritara slíkar bókanir skriflega og á rafrænu formi ef þess er kostur. Í fundargerð skal einnig skrá ef einstakir fulltrúar víkja af fundi við afgreiðslu máls vegna vanhæfis. Þá skal einnig skrá í fundargerð komi fulltrúi til fundar eftir að hann er hafinn og undir hvaða lið, sama gildir ef fulltrúi þarf að víkja af fundi áður en honum lýkur. Ef greiða þarf atkvæði um hæfi fulltrúa eða ef fram kemur tillaga um að mál verði tekið á dagskrá skal bóka sérstaklega um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Trúnaðarmál, sbr. 5. og 6. grein upplýsingalaga nr. 50/1996 skal skrá í trúnaðarbók. Í slíkum tilfellum skal skrá vísun til trúnaðarbókar í fundargerð. Færslur í trúnaðarbók skulu undirritaðar á sama hátt og fundargerð.

Í gerðabók hafnarstjórnar skal ritari skrá númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fulltrúar og starfsmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð og hún undirrituð af fundarmönnum. Formaður og fundarritari skulu setja upphafsstaði sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Staðfesting fundarmanna sem sitja fund í gegn um síma- eða fjarfundabúnað skal gerð strax að loknum fundi. Skal þá senda fundargerð í tölvupósti til viðkomandi sem endursendir hana með staðfestu samþykki sínu. Fjarstaddir staðfesta síðan fundargerðina með undirritun sinni svo fljótt sem verða má. Formaður hafnarstjórnar eða hafnarstjóri skulu fá skjalastjóra Fjallabyggðar fundargerðir til varðveislu í skjalasafni sveitarfélagsins, sbr. lög um þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 og til birtingar á vefsvæði sveitarfélagsins.

Fundargerðir hafnarstjórnar skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Hafnarstjórn getur óskað eftir að bæjarráð taki mál til fullnaðarafgreiðslu ef það er þess eðlis að það getur ekki beðið afgreiðslu næsta fundar bæjarstjórnar.

Bæjarráð skal þá meta hvort það er til þess bært að afgreiða málið skv. 31. grein samþykktar um stjórn Fjallabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar, en vísa því að öðrum kosti til afgreiðslu bæjarstjórnar. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast afgreiðslu bæjarstjórnar eru þær lagðar fram á fundi bæjarstjórnar til kynningar.

Starfsmaður hafnarstjórnar

Hafnarstjóri

Eftirfylgni

Hafnarstjóri fylgir eftir staðfestum samþykktum og ákvörðunum hafnarstjórnar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 13. október 2009.